



HRUNAMANNAHREPPUR

27. FUNDUR HREPPSNEFNDAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 6. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 7. JÚNÍ 2012

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2012, þann 7. júní 2012 kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 1 mál, bréf frá björgunarfélaginu Eyvindi vegna traktorstorfæru. Hreppsnefnd samþykkir að leggja erindið fram.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Verksamningur: Afsetning seyru í Hrunamannahreppi.
2. Verksamningur: Tæming rotþróa í Hrunamannahreppi.
3. Leigusamningur: Afnot Símans hf á aðstöðu í vatnstanki fyrir farsímastöð.
4. Ásastígur 4b-kauptilboð.
5. Vegagerðin. Skráning á skipulagi og framkvæmdaleyfi í námukerfi.
6. Flúðaskóli. Tillögur nemenda.
7. Hrunamannahreppur: Facebook.
8. Arionbanki. Endurútreikningur erlenda lána.
9. Samningar um skólaakstur.
10. Samstarfsmöguleikar Sorpu bs. og Sorpstöðvar Suðurlands.
11. Gjafabréf frá Félagi eldri Hrunamanna.
12. Sameiginlegt tæknisvið Uppsveita: Minnisblað.
13. Úttekt á aðgengismálum fatlaðra vegna húsnæðis sveitarfélagsins.
14. Reglugerð vegna útnefningar íþróttamanns Hrunamannahrepps
15. Næsti fundur sveitarstjórnar.
16. Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarfría.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

17. Fræðslunefnd: Fundargerð 17. fundar vegna Flúðaskóla frá 4. júní. apríl s.l.
18. Fræðslunefnd: Fundargerð 13. fundar vegna Undralands frá 4. júní. s.l.
19. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 13. fundar frá 24. maí s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnæssýslu og Flóahrepps:

20. 47. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 24. maí s.l. og 79. afgreiðslufundur bygg. fulltrúa frá 25. apríl og 80. afgreiðslufundur bygg. fulltrúa frá 16. maí 2012.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Skólaskrifstofa Suðurlands. Fundargerð 138. stjórnarfundar frá 28. mars s.l.
- b. Skólaskrifstofa Suðurlands. Fundargerð 139. stjórnarfundar frá 22. maí s.l.
- c. Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 215. stjórnarfundar frá 14. maí s.l.
- d. Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 216. stjórnarfundar frá 29. maí s.l.

Kynningarmál:

- e. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 797. stjórnarfundar frá 25. maí sl.
- f. Svanabyggð. Félag sumarhúsaeigenda.
- g. Í þínum sporum. Dagur eineltis þann 8. nóvember.
- h. Bréf frá Akstursíþróttanefnd ÍSÍ: Traktorstorfæra.
- i. Orlof húsmæðra.
- j. Samband Garðyrkjubænda. Raforkumál
- k. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Framlag vegna nýbúafræðslu.
- l. Þjóðmálanefnd þjóðkirkjunnar: Velferð barna
- m. Styrktarsjóður EBÍ 2012.
- n. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda 2012.
- o. Umhverfisráðuneytið: Dagur íslenskrar náttúru 16. september 2012

- p. Límtré Vírnet ehf. Fundargerð aðalfundar haldinn 26.apríl 2012
- q. Saman hópurinn.
- r. Yfirlit um rekstrarkostnað grunnskóla 2010.

Fundir framundan:

- s. Aðalfundur Háskólafélags Suðurlands 14. júní kl.14.00.
- t. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 27. og 28. september nk.

Skýrsla á skrifstofu:

- u. Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Árnesinga 2011
- v. Ársreikningur Hitaveitu Grafarhverfis ehf 2011.

Gengið til dagskrár:

1. **Verksamningur: Afsetning seyru í Hrunamannahreppi.**
Oddviti kynnti samning á milli Hrunamannahrepps og Landtaks ehf vegna afsetningar á seyru. Hreppsnefnd samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
2. **Verksamningur: Tæming rotþróa í Hrunamannahreppi.**
Oddviti kynnti verksamning til eins árs á milli Hrunamannahrepps og Holræsa- og stíflubjónustu Suðurlands ehf um tæmingu rotþróa í Hrunamannahreppi. Hreppsnefnd samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
3. **Leigusamningur: Afnot Símans hf á aðstöðu í vatnstanki fyrir farsímastöð.**
Oddviti kynnti leigusamning á milli Hrunamannahrepps og Símans hf um afnot af aðstöðu við vatnstank á Högnastaðaáasi fyrir farsímastöð. Hreppsnefnd samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
4. **Ásastígur 4b-kauptilboð.**
Oddviti kynnti kauptilboð í Ásastíg 4b, Flúðum að fjárhæð kr. 14.500.000 þar sem Georg Ottósson kaupir íbúðina. Hreppsnefnd samþykkir söluna og felur sveitarstjóra að undirrita öll nauðsynleg skjöl vegna sölunnar.
5. **Vegagerðin. Skráning á skipulagi og framkvæmdaleyfi í námukerfi.**
Oddviti kynnti bréf frá Vegagerðinni þar sem óskað er upplýsinga um skráningu á skipulagi og framkvæmdaleyfi vegna náma í Hrunamannahreppi sem Vegagerðin hefur verið að taka efni úr. Hreppsnefnd vísar málinu til Skipulagsfulltrúa.
6. **Flúðaskóli. Tillögur nemenda.**
Oddviti kynnti hugmyndir frá nemendum Flúðaskóla til hreppsnefndar um hvað mætti skoða betur varðandi uppbyggingu í sveitarfélaginu. Margar áhugaverðar hugmyndir voru nefndar svo sem „skate park“, opna Flúðabíó aftur, stökkbretti og rennibraut í sundlaugina, aparólu á Flúðum, bættu aðstöðu fyrir eldri borgara, umferðarmál o.fl. Hreppsnefnd þakkar fyrir framkomnar hugmyndir og mun skoða þær í framhaldinu.
7. **Hrunamannahreppur: Facebook.**
Oddviti kynnti tillögu um að Daði Geir Samúelsson sjái um facebook síðu Hrunamannahrepps. Hreppsnefnd samþykkir málið og felur sveitarstjóra að ganga til samninga við Daða Geir.
8. **Arion banki. Endurútreikningur erlenda lána.**
Oddviti kynnti bréf frá Arion banka þar sem fjallað er um endurútreikning erlendra lána Hrunamannahrepps. Skv. bréfinu hafnar Arion banki því að erlend lán Hrunamannahrepps verði endurreiknuð. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að athuga, í samráði við lögmann og endurskoðanda sveitarfélagsins, næstu skref í málinu.
9. **Samningar um skólaakstur.**
Oddviti kynnti samninga við Guðbjörn Dagbjartsson, Flúðaverktaka (Agnar og Margrét) og Garðyrkjustöðina (Jóhann Marelsson) vegna skólaaksturs fyrir Hrunamannahrepp í Flúðaskóla vegna þriggja akstursleiða og eru samningarnir til þriggja ára. Hreppsnefnd samþykkir samningana og felur sveitarstjóra að undirrita þá.
10. **Samstarfsmöguleikar Sorpu bs. og Sorpstöðvar Suðurlands.**
Oddviti kynnti kynningargögn fyrir samstarfsmöguleika Sorpu bs. og Sorpstöðvar Suðurlands.
11. **Gjafabréf frá Félagi eldri Hrunamanna.**
Oddviti kynnti gjafabréf frá Félagi eldri Hrunamanna þar sem þeir færa Hrunamannahreppi peningagjöf að upphæð 100.000 kr. sem nýta á til kaupa á

lyftubúnaði í Heimalandi. Hreppsnefnd þakkar félagi eldri Hrunamanna kærlega fyrir stuðninginn.

12. Sameiginlegt tæknisvið Uppsveita: Minnisblað.

Oddviti kynnti minnisblað frá sameiginlegum fundi tæknideilda Hrunamannahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps og Bláskógabyggðar þar sem rætt var um hvernig hægt væri að hafa útfærslu á sameiginlegri tæknideild. Hreppsnefnd telur hugmyndina áhugaverða og felur sveitarstjóra ásamt veitustjóra og umsjónamanni fasteigna að vinna áfram í málinu.

13. Úttekt á aðgengismálum fatlaðra vegna húsnæðis sveitarfélagsins.

Oddviti kynnti skýrslu frá nefnd sem skipuð var til að kanna aðgengi fatlaðra að byggingum í eigu sveitarfélagsins. Voru eignirnar skoðaðar og komið með tillögur að úrbótum. Hreppsnefnd þakkar nefndinni fyrir góða skýrslu.

14. Reglugerð vegna útnefningar íþróttamanns Hrunamannahrepps.

Oddviti kynnti nýja reglugerð um útnefningu íþróttamanns Hrunamannahrepps. Hreppsnefnd samþykkir reglugerðina með framkomnum breytingum.

15. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Hreppsnefnd samþykkir að næsti fundur hreppsnefndar verði fimmtudaginn 16. ágúst nk. kl. 14:00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum.

16. Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarfría.

Hreppsnefnd samþykkir að skrifstofur Hrunamannahrepps verði lokaðar í 3 vikur vegna sumarleyfa frá 9. júlí til og með 27. júlí nk.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

17. Fræðslunefnd: Fundargerð 17. fundar vegna Flúðaskóla frá 4. júní. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 17. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir skýrslu skólustjóra, samninga um skólaakstur, skipurit Flúðaskóla, umsókn um ársleyfi frá störfum, rekstrarkostnað grunnskóla m.v. nemendafjölda, nýja skólastefnu og ástand húsnæðis og aðstöðu. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina

18. Fræðslunefnd: Fundargerð 13. fundar vegna Undralands frá 4. júní. s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 13. fundar nefndarinnar vegna Undralands. Þar var fjallað um skýrslu leikskólustjóra, skóladagatal fyrir næsta ár kynnt, stöðugildi og dagskipulag næsta skólaárs, trúnaðarmál, nýja skólastefnu og vistun yngri barna. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

19. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 13. fundar frá 24. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 13. fundar nefndarinnar þar sem fjallað er um fyrirhugaðar gönguferðir sumarsins og útgáfu á sameiginlegum kynningarbækling ferðapjónustuaðila. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

20. 47.fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 24. maí s.l. og 79. afgreiðslufundur bygg. fulltrúa frá 25. apríl og 80. afgreiðslufundur bygg. fulltrúa frá 16. maí 2012.

Oddviti lagði fram fundargerð 47. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 24. maí s.l. en þar var farið yfir 5 mál fyrir Hrunamannahrepp og 1 sameiginlegt. Farið var yfir mál nr. 5, fundargerð 79. og 80. afgreiðslufundar og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 23. apríl til 23. maí þar sem tekin voru fyrir 2 mál sem tengdust Hrunamannahreppi. Mál nr. 6, þar sem hafnað var að reisa nýtt fjarskiptamastur á Högnastaðaáasi. Mál nr. 9 þar sem samþykkt var að auglýsa deiliskipulag ferðapjónustusvæðis Fannborgar í Kerlingafjöllum. Mál nr. 7 þar sem samþykkt var að grenndarkynna staðsetningu á sumarhúsi. Mál nr. 11 þar sem samþykkt var stofnun lóðar úr landi Efra-Sels og mál nr. 12 þar sem samþykkt var stofnun lóðar úr landi Syðra-Sels. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál og fundargerðina. Unnsteinn situr hjá við afgreiðslu á málum nr. 11 og 12.

Önnur mál:

21. Bréf frá björgunarfélaginu Eyvindi vegna traktorstorfæru.

Lagt var fram bréf frá björgunarfélaginu Eyvindi vegna traktorstorfæru á Flúðum um verslunarmannahelgina þar sem félagið segir sig frá verkefninu vegna krafna LÍA. Hreppsnefnd lýsir yfir vonbrigðum með stöðu mála og skorar á áhugasama akstursklúbba að taka að sér verkefnið.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Skólaskrifstofa Suðurlands. Fundargerð 138. stjórnarfundar frá 28. mars s.l.** Lagt fram til kynningar.
- b. **Skólaskrifstofa Suðurlands. Fundargerð 139. stjórnarfundar frá 22. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 215. stjórnarfundar frá 14. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 216. stjórnarfundar frá 29. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- e. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 797. stjórnarfundar frá 25. maí sl.** Lagt fram til kynningar.
- f. **Svanabyggð. Félag sumarhúsaeigenda.** Lagt fram til kynningar.
- g. **Í þínum sporum. Dagur eineltis þann 8. nóvember.** Lagt fram til kynningar.
- h. **Bréf frá Akstursípróttanefnd ÍSÍ: Traktorstorfæra.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Orlof húsmæðra.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Samband Garðyrkjubænda. Raforkumál.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Jöfnunarsjóður sveitarfélag: Framlag vegna nýbúafræðslu.** Lagt fram til kynningar.
- l. **Þjóðmálanefnd þjóðkirkjunnar: Velferð barna.** Lagt fram til kynningar.
- m. **Styrktarsjóður EBÍ 2012.** Lagt fram til kynningar.
- n. **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda 2012.** Lagt fram til kynningar.
- o. **Umhverfissráðuneytið: Dagur íslenskrar náttúru 16. september 2012.** Lagt fram til kynningar.
- p. **Límtré Vírnet ehf. Fundargerð aðalfundar haldinn 26. apríl 2012.** Lagt fram til kynningar.
- q. **Saman hópurinn.** Lagt fram til kynningar.
- r. **Yfirlit um rekstrarkostnað grunnskóla 2010.** Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- s. **Aðalfundur Háskólafélags Suðurlands 14. júní kl. 14.00.** Lagt fram til kynningar.
- t. **Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 27. og 28. september nk.** Lagt fram til kynningar.

Skýrsla á skrifstofu:

- u. **Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Árnesinga 2011**
- v. **Ársreikningur Hitaveitu Grafarhverfis ehf 2011.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:05.